

Fundargerð mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 23. febrúar 2010 kl.: 16:00.
Fundarstaður: Fundarherbergi hreppsnefndar, Mariútröð 5a.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Karl Kristjánsson, Eygló Kristjánsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Ingibjörg Smáradóttir, Júlía Guðjónsdóttir, Björg Karlsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Karl bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Skólamál:

- 1) Skipulag skólastarfs næsta veturs (2010-2011)
Júlía fór yfir fyrirhugað skólastarf næsta vetur. Sagði frá stöðu sjálfsmats skólans sem er í stöðugri vinnslu.
Lagt til að kennslumagn verði 151 tími á viku næsta skólaár.
Ekki verða ráðnir stuðningsfulltrúar næsta vetur.

Leikskóli:

- 1) Málefni leikskólans.
Björg fór yfir málefni leikskólans, fjölda barna og starfsmannafjölda.
Starfsmann vantar á leikskólann í u.þ.b. 60% starf.
Lagt til að leikskólanum verði lokað í þann tíma sem starfsfólk á rétt á sumarleyfi frá og með 1. júlí til og með 12. ágúst 2010.
Lögð áhersla á að ljúka við frágang leikskólans sem allra fyrst.

Menningarmál:

- 1) Hugsanlegar endurbætur og breytingar á Hlunnindasýningu.
Hugmyndir um að lagfæra og bæta sýninguna og breyta rekstrarformi.
Guðrún tekur að sér forstöðu fyrir vinnuhóp til að endurskoða hlunnindasýninguna.
- 2) Reykhóladagurinn 2010.
Rætt var um fyrirkomulag dagsins. Búið að senda út bréf til félagasamtaka í sveitarfélaginu með ósk um aðkomu þeirra að deginum.

Önnur mál.

1. Sumardagurinn fyrsti 2010.
Eygló tekur að sér framkvæmdina og að hafa samband við aðila sem hugsanlega vilja koma að málinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:35.

Karl Kristjánsson (sign) Eygló Kristjánsdóttir (sign) Guðrún Guðmundsdóttir (sing)
Ingibjörg Smáradóttir (sign) Júlía Guðjónsdóttir (sign) Björg Karlsdóttir (sign) Ásta
Sjöfn Kristjánsdóttir (sign) Óskar Steingrímsson (sign)